



Helstu verkefni sveitarstjóra síðari hluta febrúar- byrjun mars 2018

Rétt eins og algengt er á þessum árstíma er unnið að ársreikningi 2017. Sú vinna verður oft drýgri en ætlað er. Heldur bætir það við stússið þetta árið að DK bókhaldið sem tekið var í notkun fyrir um ári hefur kallað á vissar breytingar. Stefnan er ákveðið tekin á að ná fyrri umræðunni í byrjun apríl.

Framkvæmdir

Unnið er að smíði millilofts í nýju áhaldahúsi sveitarfélagsins. Þrándarholtsmenn annast það, ásamt Sigurði í Öxl, Jóni í Ásum og Símoni pípara. Við fáum með því um 45 fermetra rými. Það hyllir undir að við flytjum okkar hafurtask úr Réttarholti í nýja húsið. Endurnýjað var talsvert af gleri í Neslaug í byrjun mars. En það var nokkuð af því ónýtt.

Verið er að leggja ljósleiðara í land Áshildarmýrar. Við höfum lagt rör um hverfið og munum draga streng í rörin með vorinu. Við Sigvaldi höfum samið við Hlyn og Sigríði um að verðið ve rði samkvæmt verðskrá 450.000 kr pr tengingu. Það er ekki vitað á þessu stigi hvað geta orðið þar margar tengingar, en lóðirnar eru margar. Þegar er útlit fyrir að 10 -15 aðilar séu þegar tilbúnir. Í öllu falli á lagningin að ganga upp með þessum tölum.

Skipulags- og byggingamál

Unnið er að sameiningu byggingareita lóðanna Malarbraut 4 og 6 í Brautarholti. Handhafar hennar vilja halda áfram með byggingaráform. Það styttist í að handhafi lóðarinnar Bugðugerði 3 hefjist handa við framkvæmdir. Enn bætast við fyrirsurnir um lóðir.

Starfsmannamál. Auglýst hefur verið eftir starfsfólki í Skeiðalaug, áhugi hefur reynst nokkur.

Hitaveita

við Skafti áttum fund með stjórn hitaveitunnar ásamt endurskoðanda sveitarfélagsins. Það lítur út fyrir að það sé komin lausn að útfærslu á aðkomu sveitarfélagsins að borun holunnar. En eins og kunnugt er var gert ráð fyrir að sveitarfélagið myndi leggja þar til fjárhæð. Þetta útskýrist betur á næstunni.

Gjálp.

Fulltrúar Gjálpar hafa átt samtali við okkur um nýtingu á Nónsteini. Við sjáum hvað setur með það.

Íbúafjöldi. Fjöldi íbúa var 689 1. mars sl. Var það fækkun um 6 frá 1. febrúar